



111. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

Haldinn í Nónhól föstudaginn 13. mars kl. 13:00

Fundinn sátu:

Fulltrúar í skólanefnd: Sigrún Jónsdóttir, formaður, Elías Bergmann Jóhannsson og Eydís Indriðadóttir. Inger Erla Thomsen var á Teams.

Jóna Katrín Hilmarsdóttir skólameistari, Áslaug Harðardóttir áfangastjóri, Aðalheiður Sif Guðjónsdóttir (fulltrúi nemenda), Elva Rún Pétursdóttir (fulltrúi kennara) og Hildur Hálfðanardóttir sem ritaði fundargerð.

Boðuð forföll: Friðrik Sigurbjörnsson og Eypór Sigurðsson (fulltrúi foreldra).

Gestir : Bára Magnúsdóttir (gjaldkeri MML).

Dagskrá:

1. Fjármál
2. Ytra mat 2025
3. Innritun
4. Kynningarstarf
5. Önnur mál

Formaður setur fundinn.

1. Fjármál

Bára fer yfir stöðu mötuneytis ML. Hún kemur með tillögu um verðskráarhækkun upp á 5%-6%. Skólanefnd samþykkir 6% hækkun frá og með næsta skólaári. Bára yfirgefur fundinn.

2. Ytra mat 2025

Jóna Katrín fer yfir helstu niðurstöður ytra mats. Úttektaraðilar frá ráðuneytinu voru þær Olga Lísu Garðarsdóttir og Þóra Þórðardóttir. Skýrsluna er að finna á heimasíðu skólans.

3. Innritun

Jóna Katrín gefur Áslaugu orðið. Hún fer yfir innritunarferlið hér í ML. Innritun eldri nema og 10. bekkjar innritun. Við höfum rými til að innrita u.þ.b. 52 nýnema, 26 í hvorn bekk. Fjórir



fjarnemar eru við skólann, s.s. nemar í öðrum skóla sem taka ákveðna áfanga hér. Þetta er nýtt og hófst á vorönn 2026.

4. Kynningarstarf

Jóna Katrín fer yfir hvaða kynningarstarf við erum með yfir skólaárið. Hér er stiklaði á stóru: Kynningardagur og Blítt og létt er fyrir nemendur í 10. bekk. Þau koma með skólanum sínum og fá kynningu á ML og enda daginn á undankeppni söngkeppni framhaldskólanna. Við höldum opið hús fyrir nemendur og foreldra sem saman fá kynningu á skólanum og fyrirlestur um námið og heimavistina frá skólameistara. Við sendum tölvupóst til 10. bekkja í samstarfi við grunnskóla á Suðurlandi með kynningaefni. Við förum í skólaheimsóknir, kennari eða náms- og starfsráðgjafi með nemendum fara saman og halda kynningu í grunnskólum. Leggjum okkur fram um að vera sýnileg á samfélagsmiðlum og setjum reglulega fréttir á heimasíðu skólans.

5. Önnur mál

Það voru engin önnur mál.

Fundargerð verður send til rafrænnar undirritunar

Fundi slitið kl. 14:32

Fundargerð ritaði Hildur Hálfðanardóttir